

maí 2010

Nemendur og „facebook“



Við viljum benda foreldrum á að aldurstakmark þeirra sem vilja stofna „facebook“ síðu er 13 ár.

Því eru aðeins nokkrir nemendur í skólanum okkar sem samkvæmt aldri ættu að geta verið þar.


Af gefnu tilefni minnum við á örugga netnotkun barna og unglinga og mikilvægi þess að við foreldrar fylgjumst vel með.

**Starfsdagur án nemenda
föstudaginn 14. maí.**

Hjólað í vinnuna

Líkt og undanfarin ár tekur starfsfólk Grandaskóla þátt í átakinu hjólað í vinnuna nú í maímánuði. Margir búa í nágrenni skólans og eiga því stutt að fara og koma ýmist gangandi eða hjólandi en aðrir koma lengra að og hjóla langan veg dag hvern. Meginmarkmið átaksins er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

Við hvetjum því nemendur okkar til að koma gangandi eða hjólandi í skólann dag hvern.



Á ferð og flugi

Margir hópar hafa farið í fróðlegar og skemmtilegar vettvangsferðir á undanförunum vikum.



7. bekkur þáði boð í hvalaskoðun með Eldingu



6. bekkur skoðaði Tilraunalandið í Norræna húsinu



5. bekkur heimsótti
Þjóðminjasafnið



4. bekkur
tók þátt í
opnun
Barna-
menningar-
hátíðar




Vorhátíð

Vorhátíð foreldrafélagsins og Grandaskóla verður fimmtudaginn 27. maí á lóð skólans.



Hátíðin verður sett með stuttri dagskrá í sal skólans kl. 16:00 og síðan verður leikjadagskrá á skólalóðinni. Í lokin verða svo grillaðar pylsur. Nánari upplýsingar verða sendar heim með nemendum þegar nær dregur.



Námsmatsdagar

Skóladagur hefst samkvæmt stundaskrá og lýkur með hádegismat 20. og 21. maí.

Margt býr í fjörunni

Þemadagar 25. og 26. maí, skóli samkvæmt stundaskrá.



**Skólaslit í Grandaskóla
verða föstudaginn 4. júní
1. - 6. bekkur kl. 10:00
7. bekkur kl. 12:00**

Fréttabréf Grandaskóla er einnig
birt á heimasíðu skólans
www.grandaskoli.is